## Byggingarlýsing:

Götuheiti og númer: Hlíðarvegur 6, Hvammstanga
Landeignanúmer: L144257
Matshluti: 01

**Helstu stærðir:**
Viðbygging við kjallara, stækkun á matshluta 01

Heildar brúttóstærðir kjallara mhl. 01 í $m^2$ og $m^3$:

| | | |
|---|---|---|
| Heildarstærð fyrir breytingu(brúttó): | 89,6$m^2$ | 241,9$m^3$ |
| Stækkun(brúttó): | 112,4$m^2$ | 255,8$m^3$ |
| Heildarstærð eftir breytingu(brúttó): | 202,0$m^2$ | 497,7$m^3$ |

Stærð lóðar: 8925,0$m^2$

**Almenn lýsing:**
Sundlaug og íþróttahús við Hlíðarveg 6, Hvammstanga. Skv. Fasteignaskrá er sundlaugarhús byggt árið 1978 og íþróttahúsið árið 2002.
Hönnuður sundlaugarhúss er Ormar Þór Guðmundsson arkitekt en hönnuður íþróttahúss er Eggert Guðmundsson byggingarfræðingur.
Viðbygging við íþróttahús er hönnuð 2019 af Bjarna Þórs Einarssonar hjá Ráðbarði SF og byggð í framhaldi af því.
Teikningar þessar eru unnar út frá teikningum Eggerts Guðmundssonar, samþykktum hjá skipulags- og byggingarfulltrúa þann 6. desember 2001 og teikningum Bjarna Þórs Einarssonar hjá Ráðbarði SF, samþykktum hjá skipulags- og byggingarfulltrúa þann 11. mars 2019.

Eigendur óska eftir því að fá að byggja við núv. hús og stækka kjallara til suðurs, þ.e. á milli núv. byggingar og sundlaugar.
Um er að ræða lagnakjallara sem kemur til með að þjónusta sundlaugarmannvirkjum á lóð.

**Sökkulveggir:**
Sökkulveggir verða staðsteyptir á burðarhæfum jarðvegi og einangraðir að utanverðu með 100mm einangrun.

**Gólfplata:**
Gólf verða staðsteypt á þjappaðri fyllingu.

**Loftaplata:**
Loftaplata verður staðsteypt og einangruð að innan með 25mm einangrun.

**Lagnir:**
Lagnir vegna sundlaugakerfa sem voru í jörðu á svæði nýs kjallara, verða innandyra í komandi nýjum kjallara.
Snjóbræðslu lagnir sem voru í stétt milli mannvirkis og sundlaugarbakka, verða endurnýjaðar í nýrri berandi loftaplötu yfir kjallara.
Nýr lagnakjallari verður hitaður upp með hitastreymi frá sundlaugarkar-vegg og frá lögnum sundlaugakerfa.

**Loftræsing:**
Í stækkaðan kjallara komi loftræsing sem uppfyllir lágmarkskröfur byggingarreglugerðar.
Loftræsing mun nýtast til að takmarka hámarks lofthita í kjallara.

**Brunavarnir:**
Allar almennar brunamerkingar koma fram á uppdráttum.
Settar verða sjálflýsandi merkingar, út-, og neyðarljós sem sýna eiga á einfaldan og auðskiljanlegan hátt flóttaleiðir frá kjallara í samræmi við gr. 9.4.12. í byggingarreglugerð, leiðbeiningar við gr. 9.4.12. og þá staðla sem þar eiga við.
Kjallari húss er eitt brunahólf með EI60 veggjum og loftum og eru tvær óháðar flóttaleiðir frá núv. kjallara með EI60-CS og EI30-CS hurðum. Tvær nýjar flóttaleiðir verða frá hvorum enda á nýjum lagnakjallara beint út upp í gegnum lúgur í þakplötu lagnakjallara.
Allar klæðningar(steyptir veggir og loft) verða í flokki 1.
Koma skal fyrir reykskynjurum (merkt-R), handslökkvitækjum (merkt-HS) og neyðarlýsingu (merkt-NL) skv. reglugerðum og leiðb. merkingum á uppdráttum. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST-staðla og reglugerð um brunavarnir.




GRUNNMYND KJALLARA
1 = 100 mm




AFSTÖÐUMYND
1 = 500 mm




SNIÐ A
1 = 100 mm




SNIÐ B
1 = 100 mm

| Útg. | Breyting | Hönnuður | Dags. |
|---|---|---|---|
| D | Byggingarlýsing, helstu stærðir samræmt skráningartöflu | PP | 04.07.2025 |
| C | Uppbyggingu kjallara breytt | PP | 14.06.2023 |
| B | Stærð kjallara minnkar | PP | 10.05.2023 |
| A | Verkteikning | PP | 23.03.2023 |

Verkteikning


Strendingur ehf. verkfræðiþjónusta
Dalshraun 1
220 Hafnarfjörður
Sími: 575-5640
www.strendingur.is
strendingur@strendingur.is


Aðaluppdráttur

Í samræmi við aðaluppdrátt frá: Ráðbarð SF
Dagsetning og útgáfa aðaluppdráttar: 11.03.2019


Hönnuður: Páll Poulsen, kt.: 200367-4729

Hönnunarstjóri: Páll Poulsen, kt.: 200367-4729


# Hlíðarvegur 6
## Hvammstaga
## Byggingarlýsing, Afstöðumynd, Grunnmynd og Snið í Kjallara

| Teiknað / Hannað: | | Dags: | |
|---|---|---|---|
| PP/PP | | 23. mars 2023 | |
| Kvarði: | Breyting: | Nr. teikningar: | Stærð: |
| Skv. Teikn. | B | **A-101** | **A1** |

# Undirritunarsíða

Bogi Magnusen Kristinsson

Undirritað af:
Bogi Magnusen
Kristinsson
0808705669
Dags: 30.07.2025
Tími: 12:59:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9d481b31-
76ae-4877-a778-
b470caccae2d